

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2015, miðvikudaginn 16. desember, kl. 9.35 kom byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis saman til **99. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Hreiðar Bjarni Hreiðarsson, setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Hafsteinn Sigfússon, Grenivík á Grenivík, sækir um stöðuleyfi fyrir tvær vinnubúðaeiningar á lóð Grenivíkur. Meðfylgjandi er teikning og afstöðumynd sem sýnir staðsetningu á lóðinni. Fyrir liggur samþykki sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps með skilyrði um að snyrtilega verði gengið frá einingunum.

Byggingarnefnd samþykkir stöðuleyfi í eitt ár.

2. Harpa Barkardóttir, Helgafelli, Svalbarðsstrandarhrepp, sækir um leyfi fyrir gróðurskála, viðbygging við vinnustofu sem er í byggingu, samþykkt 7. júlí sl. Meðfylgjandi teikning er eftir Valbjörn Ægi Vilhjálmarsson, dags. 13.10.2015, verk nr. 15-06.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Félagsbúið Hallland ehf, Halllandi, Svalbarðsstrandarhrepp, sækir um leyfi fyrir að byggja fjárhús á jörðinni Halllandi, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 15.12.2015, verk nr. 15-108.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Kjartan Kolbeinsson, Kotabyggð 13, Svalbarðsstrandarhrepp, sækir um leyfi fyrir breytingu á sumarhúsi að Kotabyggð 13 í einbýlishús. Óskað er eftir undanþágu frá kröfum um algilda hönnun, þar sem húsið er þegar byggt og aðstæður leyfa þær illa. Meðfylgjandi er teikning frá Kollgátu dags. 25.11.2015 lítillga breytt frá fyrri teikningu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, með fyrirvara um að sveitarstjórn samþykki breytingu á deiliskipulagi í samræmi við gildandi aðalskipulag.

5. B.Jensen ehf, Lóni, Hörgársveit, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við sláturhús að Lóni, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus ehf, teikni- og verkfræðistofu, dags.15. og 29.04.2015, verk nr. 000103.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

6. Hörgársveit, sækir um leyfi fyrir breytingum á 1. hæð B-álmú, Þelamerkurskóla, en þar á m.a. að fara fram smíðakennsla. Einnig er sótt um breytingu á íbúð á 3. hæð, en þar verður kennarastofa o.fl. Meðfylgjandi eru teikningar frá VA Arkitektum, dags. 1.12.2015, verk nr. 1030.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

7. Dofri Ólafsson, Tungusíðu 23, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að byggja aðstöðuhús á landspildu úr jörðinni Garðshorni, Þelamörk, Hörgársveit. Meðfylgildandi teikning er frá Opus ehf, teikni- og verkfræðistofu, dags, 4. okt. 2015, verk nr. 101001.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Stefán Lárus Karlsson, Ytri-Bægisá II, sækir um leyfi fyrir að byggja gistihús úr vinnubúðareiningum fyrir ferðaþjónustu á jörðinni Ytri-Bægisá II, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 15.12.2015, verk nr. 15-108.

Byggingarnefnd samþykkir erindið, enda verði teikningu breytt í samræmi við algilda hönnun, sbr. gr. 6.10.3 í byggingarreglugerð.

9. Bunustokkur ehf, Sigríður Ingibjörg Seit og Kristín Agnarsdóttir, sækja um leyfi fyrir að byggja þrjár sambyggðar verbúðir á lóð nr. 29-35 á Hjalteyri. Meðfylgjandi er teikning frá Opus ehf, teikni- og verkfræðistofu, dags. 10.12.2015, verk nr. 140901.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.10

Hreiðar B. Hreiðarsson

Egill Bjarnason

Björn Ingason

